

ÁFANGI NÁNARI UPPLÝSINGAR

Búið til: Þriðjudaginn 29. okt. 2020

Titill Endurvinnsla, notað verður nýtt

Skammstöfun HÖTE3HE05

Útgáfunúmer

Námsgrein Hönnun og textíll

Viðfangsefni Endurvinnsla

Staða Samþykkt af skóla

Prep 3

Einingafjöldi 5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Nemendur vinna textílverkefni út frá og upp úr eldri textíl, má blanda með nýju efni. Þemað er "Sjálfbærni í tísku". Kennari leggur inn verkefni tengd tísku og endurvinnslu. Nemendur skoða verkefni heima, velja sér eigin áherslur og vinna verkefni sín meira og minna sjálfstætt í tímum, í samvinnu við kennara. Farið verður í vettvangsferðir tengdar gömlu og nýju, t.d. Nytjamarkaðinn eða Rauða krossinn. Nemendur kynna sér fatasöfnun og uppbyggilegar hliðar á endurvinnslu fyrir umhverfi og fjárhag.

Forkröfur HÖTE2HU05

Þekkingarviðmið **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- Hugmyndavinnu
- Undirbúningi verkefna
- Notkun verklýsinga
- Einfaldari sníðagerð
- Störfum samtaka eins og Nytjamarkaðarins

Leikniviðmið **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Skrá hugmyndir
- Vinna eftir verklýsingu
- Skrá verklýsingu
- Skilja samband milli hugmyndar, hráfnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- Skilja einfalda sníðagerð
- Skilja útá hvað endurvinnsla gengur

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta sett hugmyndir á blað
- Vinna eftir verklýsingu
- Gera verklýsingu
- Nota einföld sníð
- Vinna verkefni frá hugmynd að tilbúnu verki

- Hafa þekkingu á endurvinnslu og skilning á mikilvægi hennar fyrir samfélagið sem heild.

Námsmat

Námsmat er tilgreint í kennsluáætlun og er í samræmi við skólanámskrá.

Skólar**Fyrirmynd**